

Í kjölfar íbúafundar sem Samstaða hélt í Ljósvefningabúð sl. mánudagskvöld vill framboðið koma á framfæri nokkrum punktum um helstu áherslumál framboðsins.

Skólamáli.

Rekstur leik- grunn- og tónlistarskóla eru viðamestu verkefni sveitarfélagsins. Samstaða stefnir að því að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri þessara stofnanna á kjörtímabilinu. Lögð er áhersla á að þessi hagræðing nái til allra starfsstöðva og verði unnin í nánú samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og foreldra. Í þessu starfi skal kappkostað að standa vörð um það góða starf sem unnið er í skólunum og þess gætt að fagleg sjónarmið verði ráðandi.

Þingeyjarskóli verður starfræktur áfram á þeim starfsstöðvum sem nú eru, næsta skólaár.

Haustið 2014 fari fram íbúakosning í skólahverfi Þingeyjarskóla um framtíðarskipan skólans.

Þar verði kosið um hvort starfrækja skuli grunnskólastigið áfram á tveimur starfsstöðvum eða sameina það á einn stað. Íbúakosning þessi verði bindandi en sveitarstjórn taki að henni lokinni ákvörðun í samræmi við niðurstöður hennar. Starfsemi Þingeyjarskóla verði samkvæmt þeirri niðurstöðu frá haustinu 2015.

Nái kjörsókn ekki 50% af atkvæðisbærum mönnum á skólasvæði Þingeyjarskóla lítur Samstaða svo á að sveitarstjórn sé óbundin af niðurstöðunni

Sveitarstjórn skal fyrir þessar kosningar kynna íbúum með ítarlegum hætti hvað hvor kostur um sig hefur í för með sér, fjárhagslega, faglega og félagslega sem og hugmyndir um mótvægisáðgerðir við þeirri röskun sem niðurstaða kosninganna gæti haft í för með sér.

Skipulags- og byggingamál

Við upphaf hvers kjörtímabils ber nýkjörinni sveitarstjórn að endurskoða aðalskipulag sitt. Samstaða mun gera það og hafa að leiðarljósi sömu áherslur og eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2022.

Áhersla verði lögð á landvernd og landnotkun, t.d. varðveislu lands til matvælaframleiðslu, áninga- og skoðunarstaði fyrir ferðafólk sem aukið geta búsetuskilyrði sem víðast í sveitarfélaginu.

Samstaða leggur til að sorp í sveitarfélaginu verði flokkað með það að markmiði að endurvinnsla og endurnýting verði sem mest og þannig dregið úr því magni sem fer til urðunar. Nú fer mestur hluti sorpsins úr sveitarfélaginu til urðunar þar sem sorpbrennslu hjá Sorpsamlagi Þingeyinga hefur verið hætt.

Mótuð verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið á kjörtímabilinu.

Atvinnumál:

Byrjuð er vinna við að kostnaðargreina lagningu ljósleiðara í öll heimili í sveitarfélaginu. Ljóst er að þrátt fyrir umtalsverðan kostnað þá er verkefnið raunhæft og mikilvægt fyrir alla framþróun. Ljósleiðarar bæta verulega búsetuskilyrði og auka tækifæri íbúa sveitarfélagsins til starfs og náms.

Stefnt er að verkefnið taki 3-5 ár og hefjist jafn fljótt og auðið er.

Samstaða mun áfram reyna eftir fremsta megni að veita góðum verkefnum brautargengi í gegnum Atvinnuefningu

Ásvaldur
Árni Pétur
Arnór
Margrét

X - Samstaða